

Umsögn um frumvarp til laga:

Pungunarrof - 393. mál, lagafrumvarp

149. löggjafarþing 2018–2019

Ég leyfi mér að fullyrða að flestir sem ég hef talað við, myndu vilja herða lög um fóstureyðingar og gera þær að algerum undantekningum, frekar en að gera þær enn auðveldari en áður. Ég hef fengið að heyra það í samtölum við vini, kunningja og ókunnuga sem ég hef spurt um skoðanir á þessu máli. Allir sem ég hef talað við hafa sagst vera á móti þessari breytingu og hafa áhyggjur af hvert siðgæðið stefnir. Ég vil hvetja háttvirta alþingismenn til að láta gera skoðanakönnun um málið og komast að því hversu lítill hluti almennings er sammála því að þetta sé gert auðveldara.

Ég persónulega myndi vilja sjá líf ófæddra barna njóta sömu lagaverndar og líf okkar sem fæddir eru, og að mæður þessara barna, eða aðrir, geti ekki ákveðið að eigin geðþótta að binda enda á líf þeirra. Ég hvet alþingismenn til að hugsa málið til enda. Barnið hefur sinn rétt líka, ekki bara móðirin sem vill láta eyða því.

Mér finnst líka þetta nýyrði “þungunarrof” vera augljós tilraun til að breiða yfir og fela hvað fóstureyðing raunverulega er. Það segir sitt að fólki finnst það þurfa að finna upp nýtt orð yfir verknaðinn, því fóstureyðing er of lýsandi, og segir nákvæmlega hvað gert er.

Reykjavík, 22. Janúar 2019

Magnús Ingi Sigmundsson, kennitala 1306654119